

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 7. júlí 1982 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur, að landnotkun á spildunni milli Kringlumýrarbrautar að vestan, F-götu eða hitaveitustokks að norðan, E-götu að austan og Bústaðavegar að sunnan, breytist úr miðbæjarsvæði í íbúðarhúsabyggð og spildan þar fyrir austan að Háaleitisbraut, breytist úr miðbæjarsvæði í svæði undir opinbera stofnun.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júlí 1982.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

12. júlí 1982.

Nr. 422.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi í Skildinganesi í Reykjavík.

Hinn 9. júní 1982 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á deiliskipulagi í Skildinganesi, að lóð nr. 8 við Bauganes, sem ætluð er til verslunarreksturs verði framvegis ætluð til íbúðar.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júlí 1982.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

12. júlí 1982.

Nr. 423.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976 um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

1. og 2. másl. 1. málgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er kr. 50,00 í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða kr. 600,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1983.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 461 29. júlí 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. júlí 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.